

Hermilíkanið

eftir Pröst J Karlsson
Ort um skýslu Annars veldis ehf 01.02.2002
“Nýtt hermilíkan fyrir orkukerfi Landsvirkjunar“

Má vera Ópera

1.

(samvinnuverkefni við Annað veldi
- seint að kveldi-)

2.

Annað veldi fegið vildi
takast á við vatnsgildi
Og rekstur kerfis um allt land
Og sérstaka landshluta þar í bland

3.

Rætt var um það
Á kíverkum stað
Að koma hugmyndinni á sögulegt blað

4.

og skoða í leiðinni landshluta þrjá
var þessu varpað á stóran skjá

5.

Markmið það með líkanssmíði þessu
var að fyrirbyggja að allt færi í klessu
vegna veðurofsa og staðarháttá
og annarra þátta

6.

Möguleikar umfram það sem áður var
Að nú er hægt að hafa flöskustúta hér og þar,
Jafnvel bar
en guð má vita hvar
nú verður hægt að reikna
Og línurit teikna
bestunarhluta og staðlaðan búnað
allt flokkast þetta undir trúnað
enn sem komið er
eða alveg fram í september
þegar öðru dæmi fer að ljúka
vandamálið við Kárahnjúka

7.

Niðurstaða:
skal nú láta sannleik vaða
enda er komin niðurstaða

8.

Hún er algjört æði

Þessi aðferðafræði
ef hún er rétt stillt
fer hún eigi vegavillt
og væntingar betri
að liðnum næsta vetri
gefur hið nýja gerfi
umfram hið úrelða kerfi
því hermilíkanið má fínstillta
svo engin verði villa

9.

Þetta minnir máske á sápulöður
en gefur samt merkar niðurstöður
svo æðislega fjölþættar
enda er hermirinn heldri ættar

10.

Kannski það gerir seinna kleift
að geta fjöllin hreyft
vatnselg frá bæjum einnig bægt
sem áður fyrr var ekki hægt

11.

Ekki má gleyma Austurlínu
ávallt veldur hún höfuðpinu
samt mun aukast reginmáttur
um það fjallar næsti þáttur
- Ef Kröfluvíkjun verður stækkuð
verð á orku verða hækkuð
fólki finnst það illa svikið
enda farið yfir rauða strikið
en um þær mundir, þegar svo ber undir
verður framleiðslan 560 gígavattstundir

12.

Leysist brátt úr læðing
raforkunnar markaðsvæðing

13.

Stofnað verður Íslandsnet punktur is
einskis verður þá farið á mis
þrátt fyrir ys og þys

14.

Menn greinir sjálfsagt á
eftir Hermisins framtíðarspá
að vér íslendingar
og aðrir vitleysingar
verðum að ganga fram í mati þessu
áður en allt fer í klessu

15.

eftir aðskilnað Landsvirkjunar flutningsþátt
sem leikið gæti framleiðsluna ansi grátt
og kostað mig auga blátt
eins og dæmin sanna
enda hafður milli tanna

16.

Óvissuþáttur er þarna inni
oss hann gæti rúið inn að skinni
ættum ekki utan um oss fatalepp
gætum þurft að fara á Klepp
nema við lánsúmsókn til Alþjóðabankans við sendum
til að sporna við lausum endum
sem nýtast kann vorum erkiféendum

17.

Af þessu dökka hlið má einnig draga
vér gætum endað úti í haga
með galtóman maga eins og í gamla daga

18.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi um orkulög
verður þessi orkuópera flutt á fiðlu og sög
og starfsmannakór af þessum geira
sem stofnaður verður og lætur í sér heyra
jarðsyngur svo hið gamla líkan
sem engan gerir ríkan
eftir hartnær þrjátíu ár
það tekur því varla að fella tár
kerfið þarf að hluta niður
það er staðreynd því miður

19.

Prófanir hafa leitt í ljós með skýrum hætti
að nú þarf að starfa af fullum mætti
án tillits til þeirrar högunar
sem verða að bíða dögunar

20.

Ekki er úr vegi að allir verði gráhærðir
þegar þeir fara að kynna sér ýmsar stærðir
eins og sjá má í mynd hinni þriðju
þeirri Örlagahryðju

21.

Hermi hefur nú verið ítarlega lýst
allar formúlur hann getur hýst
ágætt er það útspil
að geta skipt klabbinu niður í tímabil
ekki getur það talist slæmt
að líkanið er fullkonað og nákvæmt
en ekki nein óhappakind
þá skulum við líta á þriðju mynd

22.

Má þar líta á virkjað rennsl
enda ber hermirinn á það kennsl
uppsett er virkjana öfluga afl
sem hægt er að fá inn á gafl
miðlanna stærð og aðra kosti
sem ekki valda skammhlaupi né losti

Vér skulum leggja oss í líma
að ljúka verkinu í tíma
gera gjaldskrár og prúttu
ef þessu á ekki að slútta
náum í stóriðju og orkusölu
græðum með tólf stafa tölu

23.

Ísland allt í vatni morar
en það ætíð vorar
vikum fimm á hálendi síðar
opnast þá flóðgáttir víðar

24.

Tekið skal tillit til flutningstíma
áður en sól fer í alvöru að kíma
nú má enginn ráðherra hrína
heldur dragi upp buðu sína

25.

Eins og sést á fimmtu mynd
kemur gróðinn úr tærri lind
nýjungar voru svo teknar inn
hljóp þá öllum kapp í kinn

26.

Vatnsgildin skrifuð upp á nýtt
sem þróaðist meðfram ótt og títt
voru þá nýjungar teknar inn
formúlum gæddar og saman reknar

27.

Hermirinn notaði ess dé ell ell
frá Frontline Systems og þessháttar skell
og aftur plúsar tveir
og kerfishlutar áfram keyr
þrír voru þeir og miklu meir

28.

Álag á kerfin hvert fyrir sig
færir dæmið á annað stig
samkvæmt heildarhermi á fimmtu mynd
ég beint í þriðju grein mér vind
þar sem greinir hér að framan
þá smellur þetta saman
Lij mínus og Lij plús
eru þegar orðin dús
útreikning fyrri nú skal hætt
enda mál það útrætt
Álag skal nú endurkvarða
fyrir þá sem málin varða
fara skal á fyrra svið
það er að segja í fyrsta lið

29.

Prófanir á því voru gerðar
hvað flöskuhálsar og klofnar herðar

eftir hrun Kárahnjúka
sem Norðmenn ætla frá að strjúka
sem viðbótarafli við góðan díl
betra er að semja við krókódíl
kannske er eitthvað sem ekki stenst
máske það með tímanum venst

30.

Bestanir 3432 hermilíkanið fær
nú má hafa úti allar klær og jafnvel tær
með vatnsgildistema fimmtíu og fjórum
verður að segja upp nokkrum forstjórum
Það verður að teljast viðunandi
í hinu kalda landi
ef ítrað er sinnum sex
eftir suð og þex
þriggja kerfishluta þrisvar sinnum
telst það til höfuðs þessum skinum

31. (prófanir og niðurstöður)

Nú skal að öllu gá
hvernig hún endar raforkuspá
Gígavattstundir 13789
fyrir árið 2010
Kárahnjúkadæmið er þá búið
enda öfugsnúið
seðlabankans veski rúið
um tvö þúsund milljónir króna
sem runnu til okrrara og og flóna

32.

Afgangsorka er nú næg
en þróun flöskuhálsa er of hæg
vatnsbúskapur er í lagi
til eru snillingar í því fagi

33.

Skal nú skoðast arðsemismat
hugsum okkur vaskafat
með viðbótarpúí frá gömlu Kröflu
eins og sýnt er í þriðju töflu

34.

Í fjórðu töflu er það sýnt
að verkefni þetta er afar brýnt
þar sem kerfin eitt til fjögur
gefa fyrirheit ansi fögur
um orku milli kerfishluta
tækifærinu má ei glutra
verst þar vantar Suðurland
sem inni þyrfti að koma í bland
því alltaf er þörf á aukaafli
hvar verður oná í þessu tafli
Þetta er kappsmál og lítill vandi
að beisla orku í voru landi.
